Með skírskotun til röksemda fyrir atkvæði meiri hluta dómenda getum við fallizt á dómsorðið.

Fimmtudaginn 29. september 1977.

Nr. 3/1977. **Bandalag starfsmanna ríkis og bæja**
(Gunnar Eydal hdl.)
gegn
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
(Gunnlaugur Claessen hdl.)

Hvíldartími. Yfirvinnuálag. Sératkvæði.

Dómur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 21. marz s.l.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Stefndi er fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Dæmt verði, að þeim ríkisstarfsmönnum, sem ekki ná tilskilinni lágmarkshvíld samkv. 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976, skuli greitt yfirvinnuálag þar til vinnu lýkur og hvíld hefst ásamt vaktaálagi, ef starfsmenn vinna á reglubundnum vinnuvökum eða hluta af vikulegri vinnuskyldu utan dagvinnutímabils eins og það er ákveðið í 9. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976.
2. Að þeim ríkisstarfsmönnum, sem ekki ná tilskilinni lágmarkshvíld samkv. 3.mgr. 11. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976 skuli greitt yfirvinnuálag þar til vinnu lýkur og hvíld hefst ásamt yfirvinnukaupi, ef starfsmenn vinna yfirvinnu samkv. 10. gr. kjarasamnings sóknaraðila og varnaraðila frá 1. apríl 1976.
3. Að varnaraðili verði dæmdur til að greiða sóknaraðila málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum lýst svo, að í 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings aðila frá 1. apríl 1976 séu sérstök ákvæði um lágmarkshvíldartíma starfsmanna er hljóði svo:

„Hafi maður unnið a.m.k. 6 klst. í yfirvinnu á tímabilinu kl. 19—08 og haldið áfram vinnu innan 8 klst. á föstum venjulegum vinnutíma, ber honum yfirvinnuálag (37,5% af yfirvinnutímakaupi) fyrir þann tíma án frádráttar af fastalaunum. Hafi starfsmaður ekki fengið samfellda hvíld a.m.k. 8 klst. á tímabilinu kl. 22—08 vegna útkalla, ber honum 8 klst. hvíld frá því útkalli lýkur og þar til hann mætir til vinnu á ný án frádráttar af föstum launum. Nú hefur starfsmaður unnið samfellt meira en 16 klst. að meðtöldum matar- og kaffihléum og skal hann þá fá minnst 8 klst. samfellda hvíld án frádráttar af fastalaunum. Fáist ekki tilskilin hvíld skv. mgr. þessari, greiðist áfram yfirvinnuálag auk fastra launa, þó komið sé fram á dagvinnutímabil eða vakt. Öll yfirvinna skal greidd eftir á í einu lagi fyrir hvern mánuð og eigi síðar en fyrsta virkan dag eftir 15. næsta mánaðar."

Ákvæði þessi séu ítarlegri en ákvæði fyrri kjarasamnings aðila frá 15. desember 1973, en samkvæmt 3. mgr. 11. gr. þess samnings hafi starfsmanni, sem unnið hafi a.m.k. 6 klst. yfirvinnu á tímabilinu kl. 19.00—08.00 og haldið hafi áfram vinnu innan 6 klst. á föstum venjulegum vinnutíma sínum, borið yfirvinnuálag fyrir þann tíma. Önnur ákvæði um lágmarkshvíld hafi ekki verið að finna í fyrri samningnum. Ákvæði nýja samningsins hafi að mestu verið í samræmi við kröfugerð stefnanda fyrir gerð síðasta kjarasamnings, enda hafi eldri ákvæðin verið allmiklu lakari en ákvæði í samningum hinna ýmsu verkalýðsfélaga. Þar sem um hafi verið að ræða nýtt ákvæði og orðalag þess ekki eins hnitmiðað og æskilegt hefði verið, hafi þótt rétt að taka upp viðræður í samstarfsnefnd aðila, sem starfi á grundvelli laga nr. 29/1976. Ákvæði laganna hafi að vísu ekki tekið gildi fyrr en 1. júlí 1977, en nefndin þó tekið til starfa haustið 1976 samkvæmt samkomulagi aðila. Á fundi nefndar þessarar 21. september 1976 hafi eitt af málum þeim, sem lögð voru fram af stefnanda, varðað skýringu og túlkun á 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings aðilanna frá 1. apríl 1976. Í bréfi, sem stefn-

andi hafi lagt fram, sé gerð grein fyrir því, að nokkur ákvæði umræddrar málsgreinar þarfnist nánari skýringa, en við skýringu þessara ákvæða beri að hafa í huga ákvæði 28. gr. laga nr. 23/1962 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, en samkvæmt því skuli starfsmenn njóta hvíldar frá vinnu sinni eigi skemur en 8 klst. á sólarhring. Þá beri umrædd málsgrein kjarasamningsins ótvírætt með sér, að ef lágmarkshvíld fáist ekki, skuli greiða yfirvinnuálag þar til tilskilinni lágmarkshvíld verði náð. Þetta segi að vísu ekki berum orðum, en annar skilningur væri algjörlega órökréttur. Því sé full ástæða til að taka af allan vafa um þetta.

Kröfugerð stefnanda er studd þeim rökum, að álagstími sé sá tími sólarhrings, sem falli utan við svokölluð dagvinnumörk, en daglegur vinnutími sé ákveðinn í 9. gr. kjarasamningsins, Samkvæmt því skuli dagvinna unnin á tímabilinu kl. 08.00—17.00 á virkum dögum, nema á laugardögum kl. 08.00—12.00. Ýmsir hópar starfsmanna verði þó að inna hina 40 klst. vikulegu vinnuskyldu af hendi á öðrum tíma, m.a. þeir sem vinna á reglubundnum vinnuvökum, svo og ýmsir þeir, sem vinna reglulega fram yfir dagvinnumörkin, t.d. þar sem daglegri vinnuskyldu lýkur kl. 18.00. Í slíkum tilvikum sé greitt sérstakt álag vegna afbrigðilegs vinnutíma, sem kveðið sé á um í 14. gr. kjarasamnings aðilanna og greiðist á sama hátt og yfirvinnukaup. Sú staða geti komið upp, að starfsmaður hafi ekki náð lágmarkshvíld vegna útkalla nóttina áður og vinni svo á álagstíma daginn eftir eða næsta kvöld, án þess að hafa náð lágmarkshvíld. Þá beri honum yfirvinnuálag, en telja verði einnig rökrétt, að honum beri auk þess vaktaálag, ef unnið sé utan dagvinnumarka. Hér sé um að ræða tvær sjálfstæðar og óskyldar greiðslur. Í annan stað yfirvinnuálag, þar sem verið sé að bæta starfsmanni þá kvöð, að ekki hafi reynzt unnt að veita lágmarkshvíld, sem kjarasamningur geri ráð fyrir. Á hinn bóginn sé um að ræða vaktaálag, en með því sé verið að bæta starfsmanni það, að þurfa að inna vikulega vinnuskyldu af hendi á tíma, sem almennt teljist frítími starfsmanna og liggi utan dagvinnumarka, en algild regla sé að vinna utan dagvinnumarka teljist dýrari en venjuleg dagvinna. Starfsmönnum sé ýmist bætt sú kvöð með sérstöku vaktaálagi eða hærra fastakaupi, þar sem vaktaálaginu sé jafnað út á allar vinnustundir sólarhringsins og sé slíkt þekkt í ýmsum öðrum kjarasamningum. Algjörlega sömu rök eigi við þegar unnin sé yfirvinna samkvæmt 10. gr. kjarasamn-

ings aðila, án þess að lágmarkshvíld sé náð. Sömu óþægindi hljóti að vera fyrir hendi, hvort sem starfsmaður sé að inna vikulega vinnuskyldu af hendi, svo sem á reglulegum vinnuvöktum, eða hvort unnin er yfirvinna eða aukavakt, án þess að lágmarkshvíld hafi verið náð. Sé á það að líta í þessu sambandi, að ríkisstarfsmönnum beri sérstök skylda til að vinna þá yfirvinnu, sem yfirboðarar telji nauðsynlega, sbr. 31. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í fyrrgreindum viðræðum fulltrúa aðila í samstarfsnefndinni hafi fulltrúar stefnda lýst því yfir, að stefndi gæti fallizt á þann skilning 3. mgr. 11. gr., að 8 tíma lágmarkshvíld gilti innan þeirra tímamarka, sem fram koma í greininni miðað við á hvaða tíma sólarhrings útköll fari fram. Væri meginreglan sú, að veita 8 klst. hvíld án frádráttar frá föstum launum, ef því verði ekki komið við, skuli greiða yfirvinnuálag alla þá vinnuvöku eða samfellda vinnu sem á eftir kemur, þar til lágmarkshvíld sé náð. Hafi því aðilar orðið sammála um túlkun 3. mgr. 11. gr. að því er þetta varðar. Hins vegar hafi það verið afstaða stefnda, að ef yfirvinnuálag, vaktaálag eða yfirvinnukaup geti farið saman um einn og sama vinnutíma launþega, skuli nota það álag eða það kaup, sem hæst reynist. Hafi því verið hafnað sjónarmiði stefnanda varðandi þetta atriði. Hafi stefndi ekki sýnt fram á með rökum, að þessi afstaða fái staðizt þar sem um sé að ræða tvær greiðslur óháðar hvor annarri og algjörlega óskyldar. Geri stefnandi því kröfu til að staðfestur verði skilningur hans á ákvæði 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að með kjarasamningi aðila frá 1. apríl 1976 hafi verið samið um ýmis konar álag á kaup, ef einhverjar sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Þannig hafi t.d. verið samið um sérstakt vaktaálag, álag vegna afbrigðilegs vinnutíma, sem sé sama og vaktaálag, yfirvinnuálag og yfirvinnu. Komi glöggt fram í samningnum, að yfirvinnukaup sé hæsta kaup, sem greitt sé fyrir einn og sama vinnutíma. Einu undantekninguna frá þessu sé að finna í 2. mgr. 11. gr. samningsins, þar sem fjallað sé um vinnu á sjö stórhátíðardögum, sem þar séu sérstaklega tilgreindir. Á þessum dögum sé greitt kaup, sem fari lítillega fram yfir venjulegt yfirvinnukaup, þ.e. tímakaup, sem sé 1,375% af mánaðarlaunum viðkomandi starfsmanna í stað 1%, sem sé venjulegt yfirvinnukaup. Í samræmi við þetta hafi afstaða

stefnda verið sú, að það væri ekki í samræmi við tilætlun aðila, að einu álagi yrði bætt ofan á annað, ef fleiri en eitt þeirra geti hugsanlega átt við, því með slíkri aðferð væri sprengdur hámarksrammi kaupgreiðslna fyrir einn og sama vinnutíma. Þegar þannig standi á telji varnaraðili eðlilegt að greiða það álag eða það kaup, sem hæst reynist. Með kjarasamningnum frá 1. apríl 1976 hafi í fyrsta sinn verið samið ítarlega um hvíldartíma og um svokallað yfirvinnuálag í tengslum við það. Hafi hugsunin með greiðslu þessari nánast verið sú, að fyrir þennan tilgreinda vinnutíma, þ.e. þegar fullur hvíldartími hafi ekki náðst, skuli starfsmaður fá hæsta umsamda álag, þ.e. yfirvinnukaup. Fyrir þennan vinnutíma sé því verið að bæta mismun dagvinnukaups og yfirvinnukaups. Vaktaálag, sem við venjulegar aðstæður hefði verið greitt á hluta þessa vinnutíma, hafi því ekki áhrif hér, þar eð annað hærra álag komi í þess stað. Í þessu sambandi sé rétt að hafa í huga, að vaktaálag, sem sé 33,33% af dagvinnutímakaupi í 2. þrepi launaflokks B-11 í kjarasamningi aðila, sé greitt ofan á dagvinnutímakaup fyrir þann hluta vinnutíma, sem falli utan dagvinnumarka, en þau séu frá kl. 08.00—17.00. Þegar starfmaður hafi skilað 40 vinnustundum á viku, sé ríkjandi framkvæmd sú, að ekki sé greitt lengur vaktaálag. Fyrir hverja vinnustund, sem sé umfram þetta, sé greitt yfirvinnukaup, en ekki vaktaálag að viðbættu yfirvinnukaupi, jafnvel þótt unnið sé utan dagvinnumarka. Sé því ljóst, að vaktaálag og yfirvinnukaup geti ekki farið saman. Sömu meginsjónarmið eigi við um aðrar álagsgreiðslur, sem nefndar hafa verið, þ.e. þeim verði ekki bætt hverri ofan á aðra fyrir einn og sama vinnutíma. Þá er sýknukrafa stefnda byggð á því, að orðalag 3. mgr. 11. gr. sé skýrt og ótvírætt og gangi kröfur stefnanda beint gegn efni hennar, svo sem fram komi í 3 ml. ákvæðisins. Samkvæmt því greiðist yfirvinnuálagið ofan á föst laun og nægi þetta eitt til að ljóst sé, að kröfur stefnanda fái ekki staðist. Það sem hér skipti megin máli, sé, að þetta álag greiðist ofan á föst laun en ekki full laun, en dómstólar hafi áður oftsinnis tekið afstöðu til þess, hvað felist í hvoru hugtaki fyrir sig. Sé ótvírætt samkvæmt því, að vaktaálag teljist ekki til fastra launa. Samkvæmt orðalagi 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings aðilanna liggi því ljóst fyrir að krafa stefnanda samkvæmt 1. lið kröfugerðar hans um yfirvinnuálag ofan á vaktaálag eigi ekki við rök að styðjast. Þá geti 2. liður kröfugerðarinnar enn síður komið til álita, því

yfirvinna geti enn síður en vaktaálag talizt til fastra launa. Þá er því haldið fram, að ákvæði 28. gr. laga nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum sé með öllu þýðingarlaust fyrir úrlausn málsins, þar sem þeim lögum sé ekki ætlað að ná til opinberra starfsmanna, en einnig byggist þau á allt öðrum sjónarmiðum en ákvæði kjarasamnings aðilanna. Í lögunum séu sett ákvæði um hvíldartíma til að draga úr slysahættu eftir því sem kostur sé, en lögin fjalli ekki um kaup og kjör og það sé ekki rökrétt að draga ályktanir um efni máls þessa af þeim.

Ekki er í ljós leitt, að það hafi verið tilætlan aðila við gerð kjarasamningsins frá 1. apríl 1976, að yfirvinnuálag skyldi greitt auk vaktaálags né yfirvinnuálag auk yfirvinnukaups samkvæmt 3. mgr. 11. gr. samningsins. Með því að orðalag 3. mgr. 11. gr. nefnds samnings verður ekki heldur skýrt í samræmi við túlkun stefnanda ber að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður

Dóm þennan kváðu upp: Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði
Guðmundar V. Jósefssonar og Sigurðar Líndal.

Í 67. gr. l. nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir, að dómstólar verði ekki krafðir álits um lögfræðileg efni, nema að því leyti sem nauðsynlegt sé til úrlausnar ákveðinni kröfu í dómsmáli.

Í 26. gr. l. nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna segir, að Félagsdómur dæmi í málum, sem rísi milli samningsaðilja út af brotum á þeim lögum, ágreiningi um skilning á kjarasamningi og gildi hans og um félagsréttindi ríkisstarfsmanna, sbr. 34. gr. l. nr. 29/1976.

Samningsaðiljar samkvæmt 26. gr. l. nr. 46/1973 eru fjármála-

ráðherra, sbr. 1. gr. laganna og heildarsamtök þau, sem fjármálaráðherra hefur veitt viðurkenningu, sbr. 3. gr., sjá nú 3.—4. gr. l. nr. 29/1976.

Í 67. gr. l. nr. 85/1936 felst það, að til grundvallar hverri málsókn verði að liggja raunverulegur ágreiningur málsaðilja, sem kröfur þeirra séu sprottnar af, og er þetta meginregla í íslenzku réttarfari. Hefði verið nauðsynlegt að orða það alveg ótvírætt, ef ætlunin hefði verið með l. nr. 46/1973 að hverfa frá þessari reglu. Þar sem það er ekki gert ber að skýra 26. gr. laganna með hliðsjón af grundvallarreglunni í 67. gr. einkamálalaganna.

Félagsdómur verður því ekki krafinn álits um lögfræðileg efni til dæmis vegna ágreinings um túlkun kjarasamninga, sem rísa kann milli fulltrúa samningsaðilja í nefndum eins og samstarfsnefnd samkvæmt 39. gr. l. nr. 29/1976, nema sýnt sé, að raunverulegur ágreiningur búi að baki milli þeirra starfsmanna, sem l. nr. 46/973, sbr. nú l. nr. 29/1976 taka til og fyrirsvarsmanna ríkisins.

Í máli þessu hefur Félagsdómur beint því til lögmanna aðilja „að gefa raunveruleg dæmi, þar sem ágreiningsefni málsins komi fram eða skýra það með öðrum hætti" sbr. 56. gr. l. nr. 80/1938. Og lögmenn aðilja hafa ítrekað verið inntir eftir því, hvar sá raunverulegi ágreiningur sé milli vaktavinnumanna og fyrrsvarsmanna ríkisins, sem orðið hafi tilefni þessarar málssóknar. Af því tilefni hefur verið lögð fram varðskrá tiltekins starfsmanns við vegabréfaskoðun á Keflavíkurflugvelli, þar sem sýnd er vaktaskipan hans dagana 16.—18. júlí 1977. Á skrá þessi einungis við fyrsta lið dómkrafna sóknaraðilja. Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður hans því yfir, að varðskrá þessi væri einungis lögð fram til skýringar ágreiningi málsaðilja, án þess að starfsmaður sá, sem ynni eftir henni hefði gert neinar kröfur um að kjarasamningur aðilja frá 1. apríl 1976 yrði túlkaður eins og krafizt er í þessu máli.

Engin varðskrá hefur hins vegar verið lögð fram, sem annar liður dómkrafna sóknaraðilja gæti átt við, enda lét lögmaður hans þess getið, að áðurnefnd varðskrá skýrði einnig þann lið nægilega.

Málatilbúnaður eins og hér er lýst samræmist ekki meginreglum íslenzks réttarfars, og verður því ekki komizt hjá að vísa málinu frá dómi ex officio.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Þessi úrlausn okkar hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda og greiðum við því atkvæði um efni málsins sbr. 192. gr. l. 85/1936 og 69. gr. l. nr. 80/1938.

Með skírskotun til röksemda fyrir ákvæði dómendanna Bjarna K. Bjarnasonar og Guðmundar Jónssonar getum við fallizt á dómsorð þeirra.

Sératkvæði
Bjarna Sigurðssonar:

Fyrsti liður kröfugjörðar sóknaraðila snýst um það, hvort álag geti lagzt ofan á annað álag, og hefir þetta verið ásteitingarsteinn allar götur síðan 1971, sbr. bréf fjármálaráðuneytis til sóknaraðila í máli þessu dagsettu 14. maí 1971. Á þessum árum voru samskipti málsaðila næsta fábrotin, þannig að skoðanaágreiningur þeirra um kjaramál var leystur með einhliða túlkun varnaraðila, sem sóknaraðili hlaut að ætla, að sér bæri að sætta sig við. Í kjarasamningi málsaðila frá 15. des. 1973 er e.t.v. þess vegna ekki tekin afstaða til málsins önnur en sú, sem ráðin verður af þögninni.

Þá kom enn fremur fram í málflutningi lögmanns sóknaraðila og verður einnig ráðið af dómskj. nr. 8, að sú regla hafi um árabil gilt á almennum vinnumarkaði, að næturvinnukaup sé greitt á dagvinnutíma, þegar verkamaður hefir unnið 6 klst. eða meira samfellt í næturvinnu, ef hann fær ekki að svo búnu a.m.k. 8 klst. hvíld, skv. kjarasamningi Dagsbúnar dagsettum 27. febr. 1976, en 6 klst. hvíld skv. kjarasamningi dagsettum 8. apríl 1972. Enn fremur segir, að þetta ákvæði skerði þó ekki rétt til greiðslu á óskertu viku- eða mánaðarkaupi, ef viðkomandi er á föstu viku- eða mánaðarkaupi. Ákvæði þetta hefir skv. dómskj. nr. 8 verið skilið svo frá öndverðu, að verkamaður haldi föstu viku- og mánaðarkaupi jafnframt næturvinnukaupi ásamt öllum álögum svo sem vaktaálagi, sem greidd kunna að vera á það kaup.

Í 1. ml. 3. mgr. 11. gr. kjarasamnings málsaðila frá 15. des. 1973 má greina bergmál af fyrri málsgrein þessa ákvæðis Dagsbrúnarsamningsins. Það er þó fyrst með kjarasamningi 1. apríl 1976, að fram kemur orðalag, sem ætla verður, að miði að sama marki og seinni mgr. ívitnaðs ákvæðis kjarasamnings Dagsbrúnar frá 1972 og 1976, en í kjarasamningi málsaðila frá 1. apríl 1976 segir, að

í tilgreindu tilviki beri starfsmanni yfirvinnuálag *án frádráttar af fastalaunum*. Þetta orðalag verður helzt skilið svo, að það taki til vaktaálags auk mánaðarlauna samkvæmt kjarasamningi, enda í samræmi við túlkun á hliðstæðu orðalagi Dagsbrúnarsamningsins. Er og ljóst af samanburði á fyrrgreindum kjarasamningum Dagsbrúnar og kjarasamningum málsaðila, að þeir koma svo sem í humátt á eftir Dagsbrúnarsamningunum, enda er það alþekkt lögmál af þessum vettvangi. Í samningum er ekki heldur til sú meginregla, að álag geti ekki lagzt við álag.

Framangreind skýring á samningsgjörð málsaðila styðst og við þá málsástæðu, að yfirvinnuálag og vaktaálag eiga sér tvenns konar forsendu, sbr. 1. ml. 3 mgr. 11. gr. og 14. gr. kjarasamnings frá 1. apríl 1976, og eiga því ekki að geta orkað hvort á annað.

Aftur á móti sýnast ákvæði kjarasamningsins ekki taka af skarið um, að yfirvinnuálag geti lagzt ofan á yfirvinnukaup. Verður því sá kröfuliður sóknaraðila ekki tekinn til greina.

Dómsorð:

Fyrsti liður kröfugjörðar stefnanda skal tekinn til greina.

Stefndi skal vera sýkn af öðrum kröfulið.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 20. október 1977.

Nr. 4/1977. **Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Stýrimannafélags Íslands**
(Finnur Torfi Stefánsson hdl.)
gegn
Vinnuveitendasambandi Íslands f.h. Vinnuveitendafélags Vestmannaeyja vegna Herjólfs h/f
(Gunnar Guðmundsson cand.jur.)

Deilt um þóknun fyrir sölu farmiða og innheimtu farmgjalda fyrir bifreiðar.